

**From:** [Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is)  
**To:** [Tómas Ingi Adolfsson](#); [Elisabet Pétursdóttir](#); [USK þjónustu netfang](#); [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#); [Helga Björnsdóttir](#); [ITR netfang](#)  
**Subject:** Bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna aðgengismála í Nauthólsvík  
**Date:** föstudagur, 2. október 2020 15:15:52

---

Tilvísun í mál: R20100031

Með kveðju

**Heimir Snær Guðmundsson**

Starfsmaður íbúaráða  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/  
Reykjavík's office of Human Rights and democracy  
Ráðhús Reykjavíkur/Reykjavík City Hall  
Netfang/Email: [Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is](mailto:Heimir.Snaer.Gudmundsson@reykjavik.is)  
Sími/Tel: +354 665 4855

Reykjavík, 2. október 2020  
R20100031

2350

Aðgengis- og samráðsnefnd fatlaðs fólks

Efni:

***Bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða vegna  
aðgengismála í Nauthólsvík***

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða 22. september 2020 fór fram umræða um aðgengismál í Nauthólsvík, sbr. 11. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

Íbúaráð Miðborgar lagði fram svohljóðandi bókun:

Nauthólsvík er útivistarperla í hverfi 105, svæðið er mikið sótt og fólk nýtir sér það í auknum mæli allan ársins hring enda sjósund í miklum vexti meðal Reykvíkinga. Sérstaklega á sumrin er aðstaðan og svæðið vinsælt hjá leikskóla og skólahópum, sumarfrístund og svæðið er iðulega fullt af börnum alla virka daga í skipulögðu starfi ýmis konar. Mikilvægt er að bæta aðgengi í Nauthólsvík og það þarf að gera það í samráði við hagsmunasamtök fatlaðs fólks. Sem dæmi um hluti sem þarf að laga á svæðinu má nefna aðgengi ofaní heitan pott, aðgengi um sandinn og að og ofan í lónið og aðgengi niður rampinn og út í sjó austan megin við bryggjuna við lónið. Íbúar í Reykjavík á öllum aldri

þurfa öll að geta notið þessarar útvistarperlu sem Nauthólsvíkin er óháð hreyfigetu. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða leggur til að farið verði í aðgerðir um að bæta aðgengi að svæðinu og að skapandi lausnir séu unnar í nánú samráði borgarinnar við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson

Samrit:

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Skipulags- og samgönguráðs